

## Fjárfestingarstefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og reglugerð nr. 451, 8. apríl 2009 og reglum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins nr. 452, 27. apríl 2009.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og er fjárfestingarsjóður í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun þess fjármagns sem notað er til fjárfestinga. Hagsmunir sjóðsins eru ávallt hafðir að leiðarljósi við mótun fjárfestingarstefnu fyrir fjárfestingarleiðir sjóðsins.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sígrænn fjárfestingarsjóður og hefur ekki afmarkaðan fjárfestingartíma fyrir sín verkefni. Þetta fyrirkomulag veitir sjóðunum þá sérstöðu að geta verið þolinmóður fjárfestir og brú á milli styrkja- og englaumhverfis þar til fyrirtæki hafa náð fótfestu til að fá fjármagn hjá sjóðum sem starfa á seinni stigum fjárfestinga. Nýsköpunarsjóður leitar þess ávallt að vera í góðu samstarfi við aðra sjóði. Mikilvægur hluti fjárfestingarstefnu sjóðsins er að geta komið á tengslum milli háskólaumhverfis, styrkjaumhverfis, opinberra aðila og annarra sjóða.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfestir í sprotafyrirtækjum en með sprotafyrirtækjum er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 millj. kr. sem byggir starfsemi sína á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi og ver meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókn- og þróunarstarfsemi. Fyrirtæki hættir að teljast sprotafyrirtæki þegar það hefur verið skráð í kauphöll eða náð árlegri veltu sem nemur einum milljarði íslenskra króna.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ákveður fjárfestingarstefnu sjóðsins árlega og tekur mið af stöðu sjóðsins hverju sinni. Við mat á stöðu sjóðsins er horft til eignasafns, árlegu mati á eignasafni og markmiðum um kaup og sölu á hverju ári. Við ákvörðun um fjárfestingarstefnu hvers árs er horft til eftirfarandi þátta:

- Staða sjóðsins í heild, fjöldi fyrirtækja í eignasafni og staða þeirra. Metið er hverju sinni hver heppilegur fjöldi fyrirtækja í eignasafni er og verðmæti þeirra.
- Sjóðurinn fjárfestir í fyrirtækjum snemma í viðskiptaferlinu og er gjarnan leiðandi fjárfestir. Fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af lágmarksfjárfestingum í fyrirtækjum og almennt er ekki talið æskilegt að dreifa fjármagni of víða.
- Áhætta fjárfestinga er metin með tilliti til ávöxtunarkröfu og tímalengdar fjárfestinga.
- Fjárfest er í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum óháð atvinnugreinum. Ekki er fjárfest í hefðbundnum rekstri.

## **Helstu atriði varðandi ferli fjárfestinga hjá sjóðnum eru eftirfarandi:**

### **Hlutafjárþátttaka**

Meginstarfsemi Nýsköpunarsjóðs felst í kaupum á hlutafé í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum en fyrir framlag sjóðsins eignast hann hlutdeild í fyrirtækinu í samræmi við það verðmat sem eigendur viðskiptahugmyndarinnar og Nýsköpunarsjóður koma sér saman um. Meginreglan við fjárfestingar sjóðsins er sú, að aðrir fjárfestar komi á sama tíma að fyrirtækinu til að tryggja að nægjanlegt fjármagn sé til staðar til að fylgja viðskiptahugmyndinni eftir. Stjórn Nýsköpunarsjóðs ákveður árlega hversu mikið fjármagn verður til ráðstöfunar til kaupa á hlutafé í nýjum fyrirtækjum og hversu miklu verður varið til þess að fylgja eftir fyrri fjárfestingum sjóðsins.

### **Viðskiptahugmynd**

Við mat á þátttöku Nýsköpunarsjóðs í sprotafyrirtæki er stuðst við þá reglu að viðskiptahugmyndin sé ekki í beinni samkeppni við starfandi fyrirtæki á innanlandsmarkaði. Því þarf að vera tryggt, að viðskiptahugmyndin hafi ákveðið nýsköpunargildi hér á landi. Enn fremur þarf hugmyndin að uppfylla væntingar sjóðsins m.t.t. ávöxtunar á því fjármagni sem sett er í viðskiptahugmyndina.

### **Fjárfestingatækifæri**

Með öllum fjárfestingatækifærum þarf að liggja fyrir fullbúin viðskiptaáætlun sem lýsir viðskiptahugmyndinni og þeim forsendum sem liggja að baki. Mikilvægt er, að áætlunin sé byggð á raunhæfum forsendum. Skilgreina þarf markhópa og markaðssvæði og vaxtarmöguleikana. Þá þarf að fjalla um mögulega útgöngu fjárfesta og væntanlegan arð af fjárfestingunni, gangi áætlanir eftir.

Þegar fjárfestingar eru metnar er skoðað hvert nýmælið er, veldur það truflun eða breytingu á markaði, metinn er hugsanlegur vöxtur og stærð markaðar, hver samkeppnin er, hvernig fyrirtækið hyggst stækka og hverjar markaðsáætlanir eru. Þá er mikilvægt að teymið innan fyrirtækisins sé tilbúið í vegferðina sem fylgir vexti félagsins, að ljóst sé hver útgangan fyrir sjóðinn verður og hvenær. Einnig þarf viðskiptahugmyndin að hafa alþjóðlega og samfélagslega skírskotun.

### **Ferli og ákvarðanir**

Fjárfestingarráð fundar reglulega og fer yfir þau fjárfestingatækifæri sem berast. Á þeim fundum er settur ábyrgðaraðili á hvert mál en falli þau ekki að starfsemi sjóðsins er það yfirleitt tilkynnt til forsvarsmanns viðskiptahugmyndarinnar innan 14 daga frá því að gögnin hafa verið skoðuð af ábyrgðaraðila innan sjóðsins. Að öðrum kosti er farið ítarlega yfir viðskiptaáætlun fyrirtækisins. Ef einhver gögn vantar að mati starfsmanna sjóðsins er eftir þeim kallað við fyrsta tækifæri. Næsta skref er að ábyrgðaraðili verkefnisins hittir frumkvöðulinn og aðra aðstandendur viðskiptahugmyndarinnar, þar sem hann eða þeir kynna hugmyndina og viðskiptaáætlun sína í heild sinni.

Sá tími sem getur liðið frá því að fjárfestingatækifæri berst sjóðnum og þar til einhver ákvörðun liggur fyrir getur tekið allt frá 14 dögum, ef umsóknin fellur ekki að starfsemi sjóðsins, upp í nokkra mánuði, allt eftir eðli viðskiptahugmyndarinnar og hversu flókin og viðamikil hún er. Ekki er óalgengt, bæði hér á landi og erlendis, að það geti tekið allt að 6 mánuði að ganga endanlega frá fjárfestingu í viðskiptahugmynd. Mikið er lagt upp úr vandaðri umgjörð fyrirtækjanna strax í upphafi meðal annars með gerð hlutafjárskrár á milli frumkvöðlanna og fjárfesta.

### **Fjárfesting Nýsköpunarsjóðs**

Taki Nýsköpunarsjóður ákvörðun um að fjárfesta í viðskiptahugmynd, þarf að byrja á því að tryggja að öll þau skilyrði sem sett eru fyrir aðkomu sjóðsins, séu uppfyllt áður en til útborgunar á hlutafé kemur. Dæmi um algeng skilyrði af hálfu sjóðsins eru að hið nýja fyrirtæki sé eigandi að viðskiptahugmyndinni, að fjármögnun félagsins sé að fullu tryggð, að frumkvöðullinn taki þátt í uppbyggingunni og sé tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að viðskiptaáætlunin gangi eftir. Enn fremur er nær undantekningarlaust farið fram á að Nýsköpunarsjóður fái mann í stjórn félagsins. Tilgangur þess er m.a. sá að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækisins og að gæta hagsmuna sjóðsins í félaginu.

### **Sala á hlutum í félagi**

Þar sem Nýsköpunarsjóður er oft einn af frumfjárfestum viðskiptahugmyndarinnar er ljóst að sjóðurinn þarf að hafa þolinmæði til að byggja fyrirtækið upp í samræmi við áætlanir. Ekki er talið óeðlilegt að Nýsköpunarsjóður sé hluthafi í a.m.k. 5-10 ár. Oft þarf að að fylgja eftir frumfjárfestingu með frekari hlutafjárkaupum eða lánveitingum. Þegar þar að kemur er það sjálfstætt mat hverju sinni hvenær heppilegast er fyrir sjóðinn að selja sinn hlut. Eins og gefur að skilja er lögð áhersla á að sjóðurinn njóti hámarksávöxtunar á það fjármagn sem sett var í félagið. Þannig getur Nýsköpunarsjóður tekið þátt í enn fleiri hugmyndum annarra frumkvöðla og fyrirtækja. Við útgöngu sjóðsins úr fyrirtæki er lögð áhersla á að hagsmunir fyrirtækisins séu tryggðir og að nýir aðilar sem að fyrirtækinu koma, í stað sjóðsins, hafi burði til að fylgja fyrirtækinu upp á næsta þrep í þróun þess.